



Alfreð Elías Sveinbjörnsson

f. 26. apríl 1924 - d. 19. mars 2022



Förspil

Skagafjörður

Sigurður Helgason / Matthías Jochumsson

Bæn

Hærra minn Guð til þín

Adams / Matthías Jochumsson

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:

∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:

∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.





Ritningarlestur

Rósin

Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

Undir háu hamra belti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Guðspjall

Ég syngja vil

Geirmundur Valtýsson / Guðbrandur Þ. Guðbrandsson

Ég syngja vil, um Mælihnjúkinn háa,
sem hæstur gnæfir yfir bernskuslóð.
Ég syngja vil, um litla blómið bláa
er brosir fegurst við morgungeislaflóð.

Ég syngja vil, um fjallahringinn fríða
sem faðminn breiðir og ávallt stendur vörð.
Ég syngja vil, því við mér blasir víða,
að víst er sumar og bjart um Skagafjörð.

Þótt víða fari og burt liggi leiðir,
og ljúfa staði ég finni heims um ból
að gefist næði, þá heim mig hugur seiðir.
Á heimaslóðum ég á mitt besta skjól.

Ég syngja vil og segja frá í ljóði
að sú er einlæg að trúu hjarta gjörð,
mín yfirlýsing, upphátt og í hljóði,
að ekkert jafnast á við Skagafjörð.





Minningarorð

Ætti ég hörpu

Friðrik Hansen

Ætti ég hörpu hljómaþýða,
hreina, mjúka gígjustrengi,
til þín mundu lög mín líða,
leita þín er einn ég gengi.

Lífið allt má léttar falla,
ljósið vaka í hugsun minni,
ef ég má þig aðeins kalla
yndið mitt í fjarlægðinni.

Viltu, þegar vorið blíða
vefur rósir kvölddögginni,
koma til mín, kvæði hlýða,
kveðja mig í hinsta sinni.

Innsta þrá í óskahöllum
á svo margt í skauti sínu.
Ég vildi geta vafið öllum
vorylnum að hjarta þínu.

Bæn – Fadir vor

Ég kveiki á kertum mínum

Guðrún Böðvarsdóttir / Davíð Stefánsson

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Þín braut er þyrnum þakin,
hver þyrnir falskur koss.
Ég sé þig negldan nakinn
sem níðing upp á kross.
Ég sé þig hæddan hanga
á Hausaskeljastað. -
Þann lausnardaginn langa
var líf þitt fullkomnað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Að kofa og konungshöllum
þú kemur einn á ferð.
Þú grætur yfir öllum
og allra syndir berð.
Þú veist, er veikir kalla
á vin að leiða sig.
Þú sérð og elskar alla,
þó allir svíki þig.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

Moldun

Í bljúgri bæn

Hohn Farar, Bruce Welch / Pétur Þórarinnsson

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú, æ Drottinn minn.

Blessun

Eftirspil

Góða nótt

Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ, Árni úr Eyjum

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar
í Akóges að afhöfn lokinni.*

Prestur: Sr. Viðar Stefánsson

Söngur: Geir Jón Þórisson
Karlakór Vestmannaeyja
Söngsveitin Stuðlar
Þórhallur Barðason

Píanó: Kitty Kovács

Útför gerð frá Landakirkju 9. apríl 2022



